



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um byggingarkostnað og söluverð hjá Þorpinu í Gufunesi**

Á fundi borgarráðs þann 10. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

*Fulltrúi sósíalista kallar eftir upplýsingum um byggingarkostnað og söluverð á hvern fermeter við framkvæmdir hjá Þorpinu í Gufunesi. Auk þess óskar fulltrúi sósíalista eftir áætluðum byggingarkostnaði og söluverði á hvern fermeter frá Frambúð ehf. vegna verkefnisins HOOS. skrefahúsnæði í Skerjafirði. Það er verið að búa til væntingar hjá íbúum borgarinnar um að þeir hljóti hlutdeild í þeim fjárhagslega ávinningi sem ætla mætti að komi til með byggingu hagkvæms húsnæðis. Í ljósi þess er mikilvægt að fá upplýsingar um hlutfall kostnaðar og söluverðs, öðruvísi verður ekki hægt að dæma um hvort hagkvæmnin skili sér til neytenda og hafi áhrif til jafnvægis í verðmyndun á húsnæðismarkaði.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. nóvember sl.

Svar:

Reykjavíkurborg hefur ekki upplýsingar um byggingarkostnað hjá Þorpinu og er borgarfulltrúa bent á að hafa samband við Þorpið ef hann hefur áhuga á því að fá gögn um þeirra byggingarkostnað.

Söluverð íbúða hjá Þorpinu voru ákveðin í úthlutunarbréfi og eru þau eftirfarandi:

- Stúdíóíbúðir eru á 19 milljónir m.kr.
- Tveggja herbergja íbúðir á 27,1 m.kr.
- Þriggja herbergja íbúðir á 31,6 m.kr.
- Fjögurra herberga íbúðir á 36,5 m.kr.

Öll þessi verð eru verulega undir markaðsvirði á svæðinu og sýna mikinn ábata fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.

Það hefur ekki verið úthlutað lóð til handa Frambúð ehf. og því ekki upplýsingar um áætlað söluverð. Reykjavíkurborg mun miða við þau verð sem eru skilgreind undir hlutdeildarlán eins og önnur nýleg verkefni sem falla undir hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Eins og í tilfalli Þorpsins þá er borgarfulltrúa bent á að hafa samband við forsvarsmenn Frambúðar til þess að fá gögn um byggingarkostnað þeirra.

Þorsteinn Gunnarsson  
Borgarritari